



Dagsetning: 25. október 2024  
Málsnúmer: 2410179/5.0

Til fjölskyldunefndar

## MINNISBLAÐ

### Um uppfærðar reglur Fjarðabyggðar um sérstakan húsnæðisstuðning

Tilgangur þessa minnisblaðs er að leggja til hækkun á sérstökum húsnæðisstuðningi í Fjarðabyggð vegna hækkandi leiguverðs í samfélaginu. Hækkun leiguverðs hefur haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu margra íbúa, sérstaklega þeirra sem eru með lágar tekjur eða í viðkvæmri félagslegri stöðu.

Leiguverð í Fjarðabyggð hefur hækkað á undanförunum árum, sem hefur leitt til aukinnar greiðslubyrði fyrir leigjendur. Samkvæmt nýjustu gögnum frá Hagstofu Íslands hefur leiguverð hækkað um 36,2% á síðustu fimm árum. Þessi þróun hefur haft í för með sér að margir leigjendur eiga erfitt með að standa undir húsnæðiskostnaði sínum, þrátt fyrir að fá húsnæðisbætur.

### Núverandi reglur

Samkvæmt núverandi reglum um sérstakan húsnæðisstuðning í Fjarðabyggð er stuðningurinn veittur til að lækka greiðslubyrði vegna húsnæðiskostnaðar hjá þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði eða eru með íþyngjandi húsnæðiskostnað sökum lágra tekna, lítilla eigna, þungrar framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna.

### Tillaga um hækkun

Til að mæta hækkandi leiguverði og tryggja að íbúar Fjarðabyggðar geti áfram staðið undir húsnæðiskostnaði sínum, er lagt til að sérstakur húsnæðisstuðningur verði hækkaður sem hlutfall af húsnæðisbótum, þannig að húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur verði samtals að hámarki 100.000 kr í stað 82.000 kr áður. Þessi hækkun mun tryggja að stuðningurinn haldi í við hækkandi leiguverð og veiti nauðsynlega aðstoð til þeirra sem mest þurfa á að halda.

